

sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta og hvort um er að ræða flokkað eða óflokkað sörp og tíðni sorphirðu. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum eða stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd eða sérstöku samkomulagi við bæjaryfirvöld. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sörpíláta við hverja fasteign. Heimilt er að leggja á aukaálag ef aðgengi er erfitt.

11. gr.

Kvörtunum vegna sorphirðu á vegum Seltjarnarnesbæjar skal bera upp við starfsmenn áhaldahúss bæjarins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá bæjaryfirvöldum, getur hann skotið málinu til Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

12. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð eða geymslu úrgangs skulu sorphirðumenn tilkynna það heilbrigðiseftirliti.

13. gr.

Ekki má henda rusli, garðaúrgangi eða sorpi á opin svæði, götur, gangstíga eða fjörur innan bæjarmarkanna, eða skilja þar eftir númerslausa bíla, vélar og önnur tæki. Starfsmenn áhaldahúss Seltjarnarnesbæjar hafa í umboði heilbrigðisnefndar, eftirlit með því að hlutir séu ekki geymdir þannig að í bága fari við heilbrigðisreglugerð. Þetta á t.d. við um númerslausar bifreiðar, bílflök, kerrur, báta, tæki eða vinnuvélar. Þeim er heimilt að fjarlægja slíka hluti að undangenginni viðvörun sem límd hefur verið á tækið. Ákvörðun þar að lútandi er heimilt að skjóta til heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Seltjarnarness er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Snæfellsbæ árið 1999.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 2. gr. samþykktar nr. 384/1995 um hundahald í Snæfellsbæ, skal vera kr. 9.000 á árinu 1999.

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 1. mars 1999 og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 1. apríl 1999.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald ásamt ábyrgðartryggingu.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar er kr. 4.000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. febrúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 128/1997 um hafnarríkiseftirlit.

1. gr.

Við VII. viðauka bætist nýr tölul. er verður 5. tölul., svohljóðandi:

5. Skoðunarmenn sem ekki fullnægja viðmiðununum hér að framan geta einnig öðlast viðurkenningu ef þeir störfuðu við hafnarríkiseftirlit hjá Siglingastofnun Íslands fyrir 30. janúar 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum ásamt síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun ráðsins nr. 96/40/EB frá 25. júní 1996 um kennivottorð fyrir skoðunarmenn sem annast hafnarríkiseftirlit staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 4. febrúar 1999.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.